

Upplýsingar vegna verkfallsboðunar framhaldsskólakennara

Þessar upplýsingar eru teknar saman til að svara ýmsum spurningum sem nemendur og forráðamenn þeirra hafa verið að velta fyrir sér varðandi mögulegt verkfall kennara og stjórnenda í framhaldsskólum.

Verfall hefur verið boðað frá og með **mánudeginum 17. mars 2014**. Allir fastráðnir kennarar og stjórnendur innan KÍ verða í verkfalli. Eftirtaldir kennarar eru stundakennarar og kenna því samkvæmt stundatöflu í **dagskóla**.

- Guðmundur Ármann Sigurjónsson sem kennir MYL103 hóp 1 og MYL 603.
- Birgir Haraldsson sem kennir FOR109

Eftirtaldir kennarar í **fjarnámi** eru stundakennarar og kenna ef til verkfalls kemur:

- Bryndís Indíana Stefánsdóttir – kennir NOR 153
- Brynhild Mathisen – kennir NOR 203
- Guðmundur Sæmundsson – kennir ÍSL 212 og ÍSL 242
- Kolbrún Harðardóttir – kennir HAG 103
- Olga Ellen Einarsdóttir – kennir SÆN 203
- Sigríður Elísa Eggertsdóttir – kennir SPÆ 103/203/303/403
- Pétur Ringsted – MSÖ 102
- Guðmundur Ármann Sigurjónsson – kennir LIM 103

Verður verkfall eða ekki?

Þótt boðað hafi verið til verkfalls þá halda samingsaðilar áfram að hittast og reyna að klára samninga áður en til verkfalls kemur. Oft hafa samningar náðst á síðasta degi fyrir boðað verkfall.

- a) Ef samningar nást áður en verkfall hefst er verkfallinu frestað þar til atkvæðagreiðsla um samninginn hefur farið fram. Verði samningur samþykktur er verkfall afboðað en hafni kennarar nýjum samningi verður verkfall.
- b) Náist samningar á milli deiluaðila eftir að verkfall hefst þá hefja kennarar störf og verkfalli aflýst þar til niðurstaða úr atkvæðagreiðslu um samninginn er ljós.
- c) Ríkisvaldið getur sett lög á verkfallið. Forseti Íslands þarf að staðfesta lögin til að þau geti tekið gildi.
- d) **Það er alltaf hluti af lausn vinnudeilu milli kennara og stjórnvalda að semja um það hvernig nemendur geta lokið áföngum/önninni. Á þessum tímapunkti er ekkert vitað hvernig það verður gert og forðast skal að vera með getgátur um það hvernig önninni muni ljúka.**

Ef til verkfalls kemur

Eftir að verkfalli lýkur verður líklega reynt að vinna upp það sem tapaðist í námi á þeim tíma sem verkfallið stóð yfir. Leiðir til þess eru m.a. að

- Farið verður hraðar yfir námsefnið.
- Áherslur og námsmat í áföngum verða hugsanlega aðlagaðar.
- Önnin verður kannski lengd ef verkfallið er langt.

Verður skólinn opinn og hverjir verða við?

- Bókasafnið verður opið frá kl. 8-18 eins og venjan er.
- Skrifstofan er opin eins og venjulega frá kl. 8-15.

- Nemendur hafa aðgang að kennslustofum í C-álmu og Gryfjunni frá kl. 8-18. Öll verkstæði verða lokuð.
- Tölvustofur verða lokaðar en hægt verður að komast í tölvur á bókasafni.
- B og D álma verða lokaðar nema í samráði við skólameistara og umsjónarmann fasteigna.
- Skólameistari, stundakennarar, stuðningsfulltrúar, starfsfólk skrifstofu og í húsumsjón eru ekki í verkfalli.
- Námsráðgjafar, skólahjúkrunarfræðingur og skólasálfræðingur eru í verkfalli.
- Skólinn verður opin fyrir alla nemendur en engin sérþjónusta verður í boði.

Hvað geta nemendur gert?

- Mæta vel í allar kennslustundir fram að boðuðu verkfalli og komi til verkfalls að mæta vel eftir að kennsla hefst að nýju.
- Nemendur hafa aðgang að kennsluáætlunum sínum og geta haldið áfram í námsefninu eins og þeir hafa tök á. Lesa og vinna verkefni ef þau eru til staðar og æfa sig í því efni sem þegar er búið að fara yfir.
- Halda reglu á hinu hefðbundna lífi. Fara að sofa á sama tíma og venjulega og vakna á morgnana. Gott er að búa sér til reglu t.d. að fara á bókasafnið eða koma í skólann milli 10 og 12 á hverjum degi. Halda í sína rútínu.
- Stunda líkamlega hreyfingu á hverjum degi t.d. fara út að ganga.

Hvað með einingarnar á önninni, eru þær ónýtar?

- NEI, ekki ef þú mætir í skólann að loknu verkfalli og klárar áfangann.
- Nemendum verður alltaf gefið tækifæri til að ljúka þeim einingum sem þeir eru skráðir í á önninni.
- Ef nemandi kemur ekki í áfangann eftir að verkfalli lýkur þá falla einingarnar niður og nemandi þarf að endurtaka áfangann.

Úskriftarefni

- Mjög mikilvægt er að allir nemendur, en sérstaklega þeir sem ætla að útskrifast í maí eða desember 2014, fari eftir leiðbeiningunum hér að ofan.
- Það getur sparað þeim heila önn í námi.
- Það getur flýtt háskólanámi um heilt ár.
- **Það er alltaf hluti af lausn vinnudeilu milli kennara og stjórnvalda að semja um það hvernig nemendur geta lokið áföngum/önninni. Á þessum tímapunkti er ekkert vitað hvernig það verður gert og forðast skal að vera með getgátur um það hvernig önninni muni ljúka.**

Hvað með nemendur á heimavist VMA og MA?

- Heimavistin og mötuneyti heimavistar verða opin.
- Ekki er gert ráð fyrir því að húsaleiga á heimavist verði lækkuð komi til verkfalls. Þá nemendur, sem fara heim til sín og nýta sér ekki þjónustu mötuneytis á heimavistinni, verður komið til móts við með endurgreiðslu á hráefniskostnaði en aldrei meira en 60% af gjaldinu þá daga sem nemandi er í burtu.
- Nemendur eru hvattir til að kynna sér vel þau skilyrði sem mötuneytið setur áður en nemendur fara af heimavistinni.

Verður mötuneyti skólans opið?

- Ekki er gert ráð fyrir því að mötuneyti skólans (Lostæti) verði opið ef til verkfalls kemur.
- Þeir nemendur sem eiga annarkort eða önnur matarkort frá Lostæti munu fá upplýsingar um það frá skólanum og Lostæti hvort komi til endurgreiðslu að loknu verkfalli.

Má kennari fara yfir verkefni sem unnin eru í verkfallinu?

- Nei, kennari í verkfalli fer ekki yfir verkefni né undirbýr kennslu.
- Moodle kennsluvefurinn verður opin ef til verkfalls kemur en kennarar svara ekki neinum verkefnum né setja inn verkefni eða námsefni. Nemendur geta einungis skoðað það sem þegar er komið inn á Moodle.
- Kennarar svara ekki tölvupósti frá nemendum.

Fara kennarar í fjarnámi í verkfall?

- Já ef þeir eru í föstu starfi við skólann.
- Margir kennarar sem eru í verkfalli kenna líka í fjarnámi, undantekning eru stundakennarar og má sjá það hér fremst í skjalinu hvaða kennarar kenna ef til verkfalls kemur.

Verða efnisgjöld endurgreidd ef verkfallið dregst á langinn?

- Það verður metið þegar verkfalli lýkur og þá út frá því hvort hægt er að ljúka þeim verkefnum sem falla undir efnisgjöldin.

Verður lifandi upplýsingaveita opnuð á meðan á verkfallinu stendur?

- Heimasíða VMA (www.vma.is) verður aðal upplýsingaveitan fyrir nemendur og forráðamenn. Inn á heimasíðuna verða settar upplýsingar.
- Nemendur eru hvattir til að fylgjast með heimasíðu skólans því inn á hana verða settar inn aðrar upplýsingar t.d. ef nemendafélagið mun standa fyrir einhverjum viðburðum.

Félagsmál

- Nemendaráð og nemendur geta skipulagt viðburði innan og utan skólans en ekkert hefur verið skipulagt fyrirfram. Allar upplýsingar um viðburði verða birtar á heimasíðu Þórdunu, www.thorduna.is og heimasíðu VMA. Opnum dögum hefur verið frestað að sinni hvort sem það kemur til verkfalls eður ei.
- Nemendur geta skipulagt viðburði innan skólans í samráði við skólameistara.

Tilkynning frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti sent 11. mars 2014:

„Ráðuneytið vill beina því til skólameistara að þeir hvetji nemendur til að halda sínu striki í námi. Viðræður ríkisins við framhaldsskólakennara um kjarasamning eru í fullum gangi og reynt verður til þrautar að ná samkomulagi svo að ekki komi til verkfalls. Það er mikilvægt að nemendur stundi nám sitt áfram af kostgæfni þrátt fyrir tímabundið óvissuástand. Fari svo að verkfall verði í næstu viku munu skólar vera áfram opnir nemendum og ráðuneytið mun eiga samstarf við skólameistarar um ráðstafanir til að sem minnst rof verði á námi nemenda“.

Að lokum

Verum bjartsýn og vonum það besta – gangi ykkur ávallt vel í öllu ykkar námi.

12. mars 2014.

Hjalti Jón Sveinsson, skólameistari VMA